

Mánudaginn 8. marzmán.

Nr. 3/1875:

Rjettvísinn

gegn

Jóni Jónssyni.

Dómur.

Með dómi sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, frá 13. nóvember 1873, er Jón Jónsson frá Odda í Seyðisfirði, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, og aldrei hefir sætt hegningu nje ákæru fyrir neitt lagabrot, dæmdur í 5 rd. sekt og málskostnað fyrir óheimila töku á 2 pundum af ull, sem ekki hefur orðið metin, en er álitin, af því hún var mikið slæm, að hafa verið 83 auru virði, og hefir hlutaðeigandi amtmaður skotið þessum dómi til landsyfirrjettarins.

Það er sannað með játningu ákærða og skýrslum vitna þeirra, sem leidd hafa verið í málinu, að hann árið næst á undan hafi tekið úr rúmi í baðstofunni á Odda, þar sem hann þá átti heima, hin umræddu 2 ullarpund, látið þau í þoka og borið síðan út í heykuml á næsta bæ, sem hann hafði umgöngu um daglega, og að þokinn hafi fundizt þar undir heyi í kumlinu litlu seinna af öðrum manni, sem þangað var sendur til að gegna verkum ákærða, er þá var drukkinn, og var ullinni skilað aptur. Ákærði hefur borið fram, að hann hafi ekki haft það áform, að stela ullinni, en tekið hana í einhverri vitleysu í drykkjuskap sínum, sem hann á vanda til, enda staðfesta vitnaskýrslur þær, sem fram eru komnar í málinu, að ákærði hafi verið mikið drukkinn bæði kveldið áður, en hann tók ullina, sem var snemma dags, og eins tímanlega þann dag, svo hann fyrir miðjan dag var svo á sig kominn, að hann gat ekki staðið, og varð að leggjast fyrir í úthýsi. Með því að þannig virðist full sönnun komin

fram fyrir því, að ákærði hafi verið mjög drukkinn, þegar hanu framdi afbrot það, sem hjer er ákæruefni, þó að hins vegar ekki sje full ástæða til að halda, að hann þá ekki hafi vitað neitt af, hvað hann gjörði, verður yfirdómurinn að vera undirdómaranum sam-
dóma um, að ákærði eigi að sæta minni hegningu, en hinni lögákveðnu, fyrir brot sitt, samkvæmt 40. grein hegningarlaganna; virðist hegningin þá hæfilega metin af undirdómaranum til 10 króna sektar, er renni í landssjóðinn, og ber því að staðfesta undirrjettardóm-
inn, bæði hvað hegningu og málskostnað snertir. Þar að auki ber ákærða að borga allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors.

Meðferð málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur á óraskaður að standa.

Ákærði Jón Jónsson greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Guðmundssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.